

Minnisblað

Dagsetning: 20.12.2024

Viðtakandi: Guðný Vala Þorsteinsdóttir, Náttúrufræðistofnun

Sendandi: Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2024. Goðafoss og Aldeyjarfoss.

Við Goðafoss og Aldeyjarfoss er fylgst með álagi á gróður á afmörkuðum álagssvæðum og meðfram stígum. Um svæðin er fjallað nánar í minnisblaði 2020.

Framkvæmd 2024

Vettvangsvinna fór fram 3. september 2024 og var hún unnin af Aðalsteini Snæþórssyni, Rán Þórarinsdóttur og Sigprúði Stellu Jóhannsdóttur. Þar var/voru:

- rannsóknasvæðið við Goðafoss myndað með flygildi samkvæmt fyrirfram ákveðnum ferlum.
- ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum við Goðafoss og Aldeyjarfoss þar sem fylgst er með álagi á gróður.

Úrvinnsla

- Ljósmyndir settar inn í ljósmyndagrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndum úr flygildi skilað til Náttúrufræðistofnunar fyrir gerð myndkorts.
- Fastir myndvöktunarpunktar – gögn sett inn í vöktunargrunn Náttúrufræðistofnunar.
- Ljósmyndir teknar á föstum myndvöktunarpunktum árin 2020 og 2024 bornar saman og metið hvort á þessum staðsetningum hafi orðið jákvæðar eða neikvæðar breytingar milli ára á gróðri.
- Niðurstöður myndvöktunar, gróðurbreytingar á punktum milli 2020 og 2024, settar inn í landfræðilegt upplýsingakerfi QGIS með myndkorti frá 2021.


Niðurstöður og umræður

Goðafoss


Á vesturbakka árinna var, frá síðustu myndatöku 2021, búið að girða af og loka álagssvæði þar sem margir samhliða stígar eru nálægt fossinum að vestan/norðan. Nokkrum myndvöktunarpunktum innan afgirta svæðisins var því sleppt núna. Einnig var búið að bæta við girðingum meðfram stígum á nokkrum stöðum og gróðurþökur lagðar í sár. Þegar ljósmyndir frá myndvöktunarpunktum 2020 og 2024 voru bornar saman sást að eldri lokunaraðgerðir á henti/villustígum höfðu skilað nokkrum árangri og gróðurþekja aukist þar. Þar sem bönd voru aðeins öðru megin við stíga bar hinsvegar meira á traðki og rofi þeim megin sem ekki voru bönd og fjölgaði því punktum þar sem sáust neikvæðar breytingar miðað við samanburð mynda 2020 og 2021 (1. - 8. mynd), einkum austan megin við fossinn. Þrátt fyrir nokkuð breiða stíga virðast þeir ekki ná að halda utan um þann mikla fjölda ferðamanna sem fer um svæðið. Í eldri gróðurþökum með fjalldrapa og lynggróðri hafði grasvöxtur aukist á kostnað lynggróðurs, líkt og sást víða 2021. Aukinn grasvöxtur í gróðurþökum, gömlum stígum og á rofsvæðum meðfram stíg breytir náttúrulegu gróðurfari sem einkennist af fjalldrapa- og lyngmóa. Líklega mun lynggróður aftur taka við sér með tímanum. Athygli er vakin á rofi meðfram tröppum sem liggja niður að fljótinu að austan og auknu rofi í brekku þar niðri (9. – 10. mynd). Við þann punkt fannst einnig lítil sjálfsáð planta af alaskavíði (*Salix alaxensis*) (10. mynd). Alaskavíðir er innflutt tegund í íslenskri náttúru¹ líkt og húsapunktur (*Elytrigia repens*) sem er mjög greinilegur við upphaf stígs að austan/sunnan (5. mynd) og hefur líklega komið þangað með jarðvegi eða gróðurþökum.

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands 2007. Sótt 20. nóvember af

<https://www.ni.is/is/biota/plantae/tracheophyta/magnoliopsida/salicaceae/alaskavidir-salix-alaxensis>



1. mynd. Myndvöktunarpunktar við Goðafoss. Breytingar milli 2020 og 2021. Bakgrunnur er myndkort frá 2021.



2. mynd. Myndvöktunarpunktar við Goðafoss. Breytingar milli 2020 og 2024. Bakgrunnur er myndkort frá 2021. Við punktinn með rauða hringnum utan um fannst lítil alaskavíðiplanta.



3.mynd. Ljósmynd frá 2020, lokaður stígur norðan megin við fossinn.



4.mynd. Ljósmynd frá 2024, sami stígur og á 3. mynd. Gróðurþekja aukist í lokuðum stíg.



5.mynd. Ljósmynd frá 2020, upphaf stígs sunnan Goðafoss. Húsapunktur greinilegur við stíg.



6.mynd. Ljósmynd frá 2024 tekin á sama stað og 5. mynd. Traðk meðfram stíg aukist.



7.mynd. Ljósmynd frá 2020. Greinilegt traðk meðfram stíg þar sem ekki er girðing.



8.mynd. Ljósmynd frá 2024 tekin á sama stað og 7. mynd, álag aukist og traðkað ofan í mold.



9.mynd. Ljósmynd frá 2020. Rof á villustíg niður við ána.



10.mynd. Ljósmynd frá 2024, tekin á sama stað og 9. mynd. Rof hefur aukist. Rauður hringur dreginn utan um alaskavíðiplöntu.




Aldeyjarfoss

Þegar ljósmyndir frá myndvöktunarpunktum 2020 og 2024 voru bornar saman sást neikvæðar gróðurbreytingar á nokkrum punktum, ívið meiri en sást 2021 (11. – 12. mynd). Rof virtist heldur hafa aukist en gróðurþekja á svæðinu er takmörkuð, jarðvegur sendinn og gróður því viðkvæmur fyrir traðki og rofi. Útbreiðsla alskalúpínu (*Lupinus nootkatensis*) hafði aukist í gróðurtorfum á svæðinu en þangað er hún komin frá landgræðslusvæðum sunnar og ofar (13. – 14. mynd). Gróf mól hafði verið borin í hluta göngustígs frá bílastæði en hún er bæði óþægileg yfirferðar og varasöm þar sem hún rennur undan skóm. Greinilegt var að gestir höfðu gengið utan stígs til að forðast mölina (15. – 16. mynd).


Ekki voru teknar myndir með flygildi að þessu sinni og því stærð álagssvæða ekki skoðuð.

Framhald vöktunar

Beðið er eftir nýju myndkorti frá 2024 af svæðinu við Goðafoss, lagt er til að endurskoða vöktun þar í framhaldinu. Einnig þarf að endurskoða vöktun við Aldeyjarfoss.



11. mynd. Myndvöktunarpunktar við Aldeyjarfoss. Breytingar milli 2020 og 2021. Bakgrunnur er myndkort frá 2020 og loftmyndagrunnur frá ESRI.



12. mynd. Myndvöktunarpunktar við Aldeyjarfoss. Breytingar milli 2020 og 2024. Bakgrunnur er myndkort frá 2020 og loftmyndagrunnur frá ESRI.



13. mynd. Ljósmynd frá 2020. Gróðurtorfur við Aldeyjarfoss



14. mynd. Ljósmynd frá 2024. Alaskalúpína hefur breiðst út í gróðurtorfur.



15. mynd. Ljósmynd tekin 2020. Göngustígur skammt frá bílastæði.



16. mynd. Ljósmynd tekin 2024. Gróf mól í stíg og gengið utan hennar.